



Reykjavík, 26. ágúst 2025
MSS25060145

Borgarráð 26. júní 2025: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um friðarfána Reykjavíkurborgar

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til að Reykjavíkurborg láti hanna og framleiða sérstakan friðarfána Reykjavíkurborgar sem dreginn verði að húni daglega utan við Ráðhús Reykjavíkur. Undanskildir verði þó þeir átta rauðu dagar sem ekki eru fánadagar enda húsverðir ekki að störfum þá tilteknu daga. Friðarfáninn verði táknmynd þess að Reykjavíkurborg er yfirlýst friðarborg enda starfrækir höfuðborgin Höfða friðarsetur og heimili Friðarsúlunnar er í borginni. Með friðarfánanum verði ástæðulaust að draga erlenda þjóðfána að húni við Ráðhúsið í stríðsátökum erlendis enda standi höfuðborgin ávallt með friði.



Reykjavík